

fært undir 171. gr. alm. hegningarlaga, síðari málslið, sbr. 47. gr. þeirra, og þykir hegning hans hæfilega ákveðin með hliðsjón til 40. gr. sömu laga 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Um málskostnað í héraði á aukaréttardómurinn óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Samúel Guðmundsson járnsmiður sæti 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Að öðru leyti á aukaréttardómurinn óraskaður að vera. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúarmán.

Nr. 55/1906:

Réttvísing

gegn

Jóni Einarssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar, uppkveðnum 24. nóvbr. f. á. var hinn ákærði sjómaður

Jón Einarsson í Reykjavík dæmdur fyrir víxilfölsun samkvæmt 271. gr. 1. málsl. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta betrunarhúsvinnu í 1 ár, og greiða allan sakarkostnaðinn, þar á meðal málsvarnarlaun í héraði til yfirréttarmálaflutningsmanns Odds Gíslasonar 8 kr. Þessum dómi hefir verið skotið til yfirréttarins eftir beiðni hins ákærða.

Hinn 9. febr. 1905 seldi ákærði Íslandsbanka víxil, dags. 8. s.m., að upphæð 100 kr., útgefinn af Jóni Gíslasyni á ákærða, sjómann Jón Einarsson yngra, og samþykkan af honum, og með ábekingum Guðmundi Jónssyni og Ermenreki Jónssyni snikkara. Ákærði fekk hjá bankanum andvirði víxilsins og hagnýtti sér það einn. Þegar gjalddagi víxilsins kom, en hann var 8. ágúst 1905, leysti samþykkjandi, ákærði, hann eigi til sín og var víxillinn þá afsagður og afsögnin tilkynt Ermenreki Jónssyni daginn eftir, en 12. s. m. tilkynnir hann bankanum skriflega, að hann hafi aldrei gjörst ábekingur á nefndum víxli eða ritað nafn sitt á hann og hljóti það því að vera falsað. Þessa neitun sína, með þeirri viðbót, að hann hafi eigi heldur leyft neinum öðrum að rita nafn sitt á víxilinn, hefir Ermenrekur staðfest með eiði á löglegan hátt. Þrátt fyrir þetta hefir ákærði, sem síðar hefir látið greiða bankanum víxilupphæðina, haldið því fram, að Ermenrekur hafi sjálfur skrifað nafn sitt á víxilinn, hefir tilgreint dag og stað, er hann hafi gjört það, og staðfastlega neitað því, að nafnið væri falsað. Eitt vitni hefir einnig borið það, að ákærði og Ermenrekur hafi um það leyti, er víxillinn var útgefinn, komið saman í hús það, þar er ákærði segir Ermenrek hafa ritað á víxilinn, og hafi þeir fengið



þar léð skrifföng og dvalið þar stutta stund saman í herbergi, er þeim var leyft inn í. En Ermenrekur hefir þverlega neitað því, að hann hafi nokkurn tíma í það hús komið. Rithöndin á nafni Ermenreks á víxlinum, sem hann, eins og áður er sagt, hefir með eiði synjað fyrir að hafa ritað, eða leyft öðrum að rita, er hins vegar eigi að eins gagnólikt nafnskriftum Ermenreks, sem fram hafa komið eftir að máli þessu var hreift — en aðrar nafnskriftir hans hafa eigi verið hafðar til samanburðar — heldur virðist hún og líkjast svo mjög rithönd ákærða á víxlinum, á hans eigin nafni þar, og á nafni Ermenreks, er ákærði var látinn rita í réttinum til samanburðar, að skriftlíkingin virðist benda eindregið í þá átt, að ákærði hafi ritað nafn Ermenreks á víxilinn, og 2 ritfærir menn, er skoðað hafa og borið saman rithandirnar eftir skipun auka-réttarins, hafa einnig látið það álit í ljós og staðfest það með eiði, að traudla geti vafi leikið á því, að sami maður hafi ritað bæði nöfnin á víxlinum, Ermenreks og ákærða. Í sömu átt, að nafn Ermenreks á víxlinum stafi frá ákærða, bendir það og, að sama stafvillan er í því nafni og nafni Ermenreks, því er ákærði var látinn skrifa í réttinum. En með þessum gögnum þykir þó eigi fært að telja það fullsannað, að ákærði hafi ritað nafn Ermenreks að honum fornspurðum á víxilinn og þannig gjörst sekur í skjalafölsun, og verður því að sýkna hann af ákæru sækjandans í málinu. Allur af málinu, bæði í héraði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnaður, þar með talinn varðhaldskostnaður og málsvarnarlaun í héraði, 8 kr., og málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors, greiðist af almannafé.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Jón Einarsson (yngri) á að vera sýkn af ákæru sækjandans í máli þessu. Allan kostnað málsins, þar með talinn varðhaldskostnað og varnarlaun í héraði til Odds málaflutningsmanns Gíslasonar, 8 krónur, og málaflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Eggerts Claesen og Odds Gíslasonar, 10 krónur til hvors þeirra, ber að greiða af almannafé.

Mánudaginn hinn 4. marzmánaðar.

Nr. 42/1906:

Jón Ólafsson

gegn

Guðmundi Eggerz fyrir hönd

Valtýs Guðmundssonar.

D ó m u r:

Í máli þessu er áfrýjað til yfirdómsins dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 12. júlí f. á., þar er dr. Valtýr Guðmundsson í Kaupmannahöfn fekk áfrýjandann, ritstjóra Jón Ólafsson í Reykjavík, sektaðan fyrir átalín meiðyrði um sig. Dr. Valtý Guðmundssyni